

## 1067. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 24. ágúst 2011 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Birgir Már Guðmundsson, Eyrún Ingadóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Pálmey H. Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir, Sigurður Sigfússon og Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

Stefán Einar setti fundin kl 17:45 og sagði að allir stjórnarmenn og varamenn hefðu verið boðaðir á þennan aukafund stjórnar. Um væri að ræða óformlegan vinnufund til að ræða betur tiltekin málefni sem lægju fyrir fundinum eins og boðað hefði verið til á síðasta stjórnarfundinum þann 10. ágúst 2011. Vonaðist hann til að hægt yrði að ræða stærri mál í framtíðinni á samskonar vinnufundum fyrir utan almenna stjórnarfundum.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Stefán Einar óskaði eftir að fresta afgreiðslu fundargerðar til næsta fundar stjórnar. Samþykkt

### 2. Umboð formanns til að skuldabinda félagið

Stefán Einar lagði fyrir stjórn formlega beiðni um Umboð/Prókúru formanns til undirritunar fyrir bankann. Samþykkt.

### 3. Starfslýsing formanns og framkvæmdarstjóra

Stefán Einar og Helga Árnadóttir lögðu fram skjal til kynningar á hugmynd þeirra að væntanlegri starfslýsingu fyrir formann og framkvæmdastjóra. Stefán sagði jafnframt að launanefnd yrði boðuð til fundar í næstu viku til að fara betur yfir þessi mál. Umræður.

### 4. Jarðvarmaklasi á Íslandi

Stefán Einar var með stutta kynningu á skýrslu um jarðvarmaklasa á Íslandi sem nefnist “*Virðisauki í Jarðvarma, Vegferð og vegvísir*”. Skýrslan í heild sinni hafði þegar verið sett inn á stjórnarvef VR þar sem stjórnin gat kynnt sér hana til hlítar og um hvað verkefnið fjallaði. Stefán sagði að beiðni hefði borist til VR um hugsanlega þátttöku í þessu verkefni sem fælist í mótun og þróun formlegs samstarfs um Íslenskan jarðvarmaklasa sem muni skila Íslandi aukinni atvinnuuppbyggingu með nýtingu ónýtttra auðlinda sem felast í jarðvarma.

Umræður.

Stefán Einar lagi fram tillögu til stjórnar um styrk til verkefnisins að upphæð kr. 100.000 í 18 mánuði, samtals kr. 1.800.000,- Samþykkt með 12 atkvæðum, 3 á móti.

Bókað að Ragnar Þór og Ingibjörg hafi hafnað þessari tillögu.

## 5. Leikskólamál og félagsmenn VR

Stefán Einar kynnti fyrir stjórn til umræðu hugmynd að hugsanlegri aðkomu VR að stofnun leikskóla fyrir félagsmenn VR. Ástæða þess væri að verulega væri farið að þrengja að konum í kjölfar hrunsins og staða barnafólks um hugsanlega dagvistun væri orðin mjög erfið þegar foreldrar fari aftur út á vinnumarkað vegna vöntunar á leikskólaplássi. Taldi Stefán að þessi umræða væri mjög þörf þar sem mikill misbrestur á jafnrétti kynjanna til launa samkvæmt nýjustu launakönnun VR. Vildi Stefán því leggja fram til umræðu hvort VR gæti brúað ákveðið bil í leikskólamálum fyrir félagsmenn með aðkomu ungubarnaleikskóla fyrir 9-18 mánaða. Lagt var fram skjal til upplýsinga með reglugerð sem gildir frá 1.janúar 2011 um „*Rekstrar-og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samningi við Leikskólasvið*“

Umræður.

Stefán Einar óskaði eftir heimild frá stjórn til að fá aðila til að koma að mótun verkefnisins. Á næsta fundi ætti að geta legið fyrir einhver greinargerð um næstu skref. Samþykkt.

**Fundi slitið kl. 20:05** Jóhanna S. Rúnarsdóttir ritaði fundargerð